



## Nýjar víddir

Tengsl skapandi skrifa, eflingar gagnrýninnar hugsunar  
og áhugahvatar nemenda í ritun

Aníta Hinriksdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.- prófs

Deild faggreinakennslu



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**



## **Nýjar víddir**

*Tengsl skapandi skrifa, eflingar gagnrýninnar  
hugsunar og áhugahvatar nemenda í ritun*

Aníta Hinriksdóttir

Lokaverkefni til B.Ed. prófs í  
grunnskólakennslu með áherslu á íslensku

Leiðbeinandi: Arngrímur Vídalín

Deild faggreinakennslu  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Maí, 2020

## Nýjar víddir

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.  
prófs í grunnskólakennslu með áherslu á íslensku  
við deild faggreinakennslu

Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Aníta Hinriksdóttir 2021

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Í öllum námsgreinum skólakerfisins er lögð áhersla á rækt við íslenska tungu og að nemendur geti gert hug sínum skil á henni. Í nútímasamfélagi, þar sem framboð upplýsinga er afar mikið, er gagnrýnin hugsun og að nemendur hafi sjálfstraust og færni til að tjá hug sinn, sem og áhugi til að rækta eigið mál í þeim tilgangi, nauðsynlegir eiginleikar. Í verkefninu er leitast við að reifa hvernig og hvort skapandi skrif í íslenskukennslu geti stuðlað að eins verðugum þáttum og áhugahvöt nemenda til ritunar og gagnrýninni hugsun. Til grundvallar liggur rannsóknarspurningin: „Hvernig hefur nám í skapandi skrifum áhrif á gagnrýna hugsun nemenda og áhugahvöt þeirra til ritunar?“ Í því skyni er kafað í kjölinn á rannsóknum og skrifum þeirra sem rannsakað hafa efnið.

Rannsóknir og fyrri skrif um efnið benda til þess að skapandi skrif geti stuðlað að auknum áhuga nemenda á ritun með því að efla sjálfstæði þeirra og sjálfstraust, auk þess að veita aukið svigrými til að gera hlutina á eigin forsendum. Fyrri skrif leiða einnig líkum að því að skapandi skrif geti aukið víðsýni og gagnrýna hugsun nemenda með því að gera þeim grein fyrir eigin hugsanaferli og með því að fá þá til að að uppgötva margar hliðar ólíkra mála af eigin rammleik. Ljóst er að skapandi skrif má nota á ýmsan hátt í kennslu og er menntagildi þeirra töluvert. Af þeim ástæðum væri vel þess virði að láta reyna á kennslu á þeim í enn meiri mæli en þegar er gert í skólakerfinu.

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip</b> .....	<b>3</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>6</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>7</b>
<b>2 Skapandi skrif og áhugahvöt nemenda til ritunar</b> .....	<b>8</b>
2.1 Aðalnámskrá um gildi margvíslegrar ritunar.....	8
2.2 Hvatatengt móðurmálsnám.....	9
2.3 Gildi skapandi skrifa fyrir áhugahvöt í ritun.....	10
2.4 Skapandi skrif og hvetjandi námsumhverfi.....	14
<b>3 Skapandi skrif, gagnrýnin hugsun og víðsýni</b> .....	<b>19</b>
3.1 Menntagildi gagnrýninnar hugsunar.....	19
3.2 Tengsl skapandi- og gagnrýninnar hugsunar.....	20
3.3 Skapandi skrif og efling gagnrýninnar hugsunar.....	22
<b>4 Umræða</b> .....	<b>25</b>
<b>5 Lokaorð</b> .....	<b>26</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>29</b>



## Formáli


Ástæðan fyrir vali mínu á viðfangsefni verkefnisins byggist einna helst á eigin reynslu af skólakerfinu og þroskaferðalagi undirritaðrar í því. Mörg verkefnanna á skólagöngunni hafa byggt á ritun og hefur mér alltaf fundist hún skemmtileg. Líkt og raunin er oft með unga nemendur hefur þó sjálfstraustið ekki alltaf verið til staðar þegar kemur að ritun og hefur það, sem og áhugi minn á að halda áfram að bæta mig á sviði hennar, oft byggst á stöðluðum einkunum. Eftir því sem skólagöngu minni hefur fleygt fram, hefur mér þó fundist ég hafa eflst í að þora að koma eigin hugsunum á framfæri á skriflegu formi og ekki síst eftir því sem gagnrýnin sjálfrar mín á eigin færni hefur orðið minni og ég hef lært sjálfstæðar leiðir til þess að meta eigin skrif. Einnig hefur það tækifæri að fá að prófa sig áfram í að miðla hugsun sinni í gegnum ólík ritunarverkefni reynst ómetanlegt og tel ég að fólk sé aldrei fullnuma þegar kemur að því að ritskoða eigin hugmyndir, læra að koma þeim á framfæri og gera umhverfi sitt upp við sig. Svo lengi lærir sem lifir. Ég tel skapandi skrif hafa opnað augu mín fyrir því hvernig megi finna jafnvægi á milli þess að koma efni skipulega frá sér, uppgötva sínar innstu hugsanir og skoða málin frá ýmsum hliðum.

Þó hefur vakið áhuga minn hve lítið er um skapandi skrif í íslenskum skólum. Fyrir vikið lá mér mikill hugur á að vita hvort gildi skapandi skrifa þegar kemur að áhugahvöt nemenda og eflingu gagnrýnnar hugsunar hefði verið rannsakað og hvað lægi að baki niðurstöðum þeirra rannsókna. Af þeim ástæðum var ákvörðunin um meginviðfangsefni ritgerðarinnar fljótafgreidd og vil ég þakka Arngrími, leiðsagnarkennara mínum í verkefninu, sérstaklega fyrir góðar undirtektir á viðfangsefninu, sem og fyrir að deila með mér sérþekkingu sinni. Að auki vil ég nota tækifærið og þakka ömmu sem hefur hvatt mig í einu og öllu í gegnum ritunarferlið og ýtt undir trú mína á eigin getu. Hennar stuðningur í gegnum tíðina hefur, að lokum, ekki aðeins veitt mér innblástur við skrifin á ritgerðinni, heldur einnig við val á viðfangsefninu. Í því samhengi er vert að nefna hvernig hún hefur ýtt undir áhuga minn á hinum ýmsu sviðum með því að gera víðsýni og því að prófa sig áfram, óháð útkomunni, hátt undir höfði.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. Nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég vil þakka öllum sem hafa lagt mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 7. maí 2020

Aníta Hinriksdóttir





## 1. Inngangur

Í nútímasamfélagi er framboð upplýsinga úr hinum ýmsu áttum mikið. Af þeim ástæðum er afar mikilvægt að skólakerfið búi nemendur undir þátttöku í því með því að sjá þeim fyrir leiðum til þess að verða dómbærir á gildi hinna ýmsu upplýsinga og að þeir geri sér, með tíð og tíma, grein fyrir gildi eigin þekkingar svo hægt sé að laga hana að hinum ýmsu aðstæðum (Bekurs og Santoli, 2004, bls. 1-6). Í Aðalnámskrá grunnskóla gætir svipaðra hugmynda en samkvæmt henni felst hlutverk skólanna ekki aðeins í því að veita nemendum almenna menntun í formi þekkingar. Þeim ber einnig að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingar gagnrýnir, enda sé ein meginforsenda þess að lýðræðissamfélög standi undir sér að þegnar þess séu virkir. Aðalnámskrá kveður einnig á um að skólum beri að stuðla að því að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins í öllum starfsháttum sínum og að hver fái sín notið á eigin forsendum. Í öllu námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum er mikilvægt að tekið sé tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 21).

Þegar kemur að kennslu er, að auki, mikilvægt að sjá nemendum fyrir þeirri færni sem til þarf til að koma hugsun sinni á framfæri, sé markmiðið að ala af sér virka borgara í lýðræðislegu samfélagi. Í því skyni getur færni í beitingu tungumálsins reynst mikilvæg. Í móðurmálsnámi er ekki óalgengt að nemendur eigi erfiðara með að ná færni í ritun á sitt vald en þegar kemur að öðrum undirþáttum tungumálsins, þ.e. hlustun, lestri og tali (Albertson & Billingsley, 2000). Ritlist er, á vissan hátt, ákveðin grunnundirstaða alls kyns verkefna og ritgerða og má þá einu gilda um hvaða grein skólastarfsins ræðir, enda felst notagildi hennar, í grunninn, í því að miðla hug sínum og þekkingu á skriflegu formi (Raimes, 1983; Rúnar Helgi Vignisson, 2011, bls. 29-31).

Tilhneiging er til þess meðal nemanda að líta á ritun sem flókna iðju og getur áhugahvöt þeirra og sjálfstraust liðið fyrir það. Einnig er hætt við því að þeir þrói með sér neikvætt viðhorf til ritunar, sé aðeins notast við staðlað form ritunar sem alfarið er bundin mati annarra (Bruning og Horn, 2000). Vel má á hinn bóginn hugsa sér að með verkefnum sem tengjast skapandi ritunaraðferðum fái nemendur tækifæri til þess að miðla hugsunum sínum á eigin forsendum. Að auki hafa kenningar verið á lofti um hvernig skapandi skrif geti verið líkleg til að víkka sjóndeildarhring nemenda og getur hvort tveggja virkað valdeflandi

á þá sem virka borgara í lýðræðissamfélagi og ýtt undir áhuga þeirra á ritun (Rúnar Helgi Vignisson, 2011, bls. 29-31; Göçen, 2019, bls. 1033-1037). Í þessari ritgerð verður leitast við að varpa ljósi á áhrif skapandi skrifa í ritunarkennslu á bæði áhugahvöt nemenda til ritunar og gagnrýna hugsun þeirra og verður í því skyni kafað í kjölinn á hinum ýmsu skrifum þeirra sem komið hafa að því að rannsaka viðfangsefnið.

## **2. Skapandi skrif og áhugahvöt nemenda til ritunar**

### **2.1 Aðalnámskrá um gildi margvíslegrar ritunar**

Gildi íslenskukennslu í grunnskólum er margþætt og kemur Aðalnámskrá grunnskóla inn á margvíslega þætti sem snúa að gildi hennar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 96-122). Þar segir meðal annars að íslenskukennsla hafi það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í rituðu máli, enda sé gott mál ein meginforsenda samskipta og miðlunar og ritmálið miðill sköpunar, jafnframt því að birta nýja þekkingu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 97-98). Í *Aðalnámskrá* segir enn fremur að íslenskukennsla gegni því hlutverki að vera miðill hugsunar og grundvöllur eintals skrifara við sig sjálfan og því afar mikilvæg þegar kemur að því að stuðla að auknum möguleikum til tjáningar og sjálfsþekkingar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 97-98). Hvers kyns tungumálanámi ber loks að taka mið af þessum þáttum; í kennslu er mikilvægt að fræða um mál og bókmenntir, en ekki síður efla færni í málnotkun og því að gera hug sínum skil. Við lok grunnskóla á nemandi að átta sig á því að við lok skólagöngunnar er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 97-98).

Af ákvæðunum í Aðalnámskrá er ljóst að til mikils er að vinna þegar kemur að því að efla máltilfinningu nemenda og ekki síst þegar kemur að því að nota tungumálið til að gera hug sínum skil, bæði í töluðu máli og rituðu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Þar segir enn fremur að stöðugt aukist kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi; þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á því að miðla

efni til annarra og eru einnig líklegir til þess að njóta þess sem vel er gert, sem og þess sem aðrir birta (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 99). Í Aðalnámskrá segir einnig að, auk þess sem mikilvægt sé að nemendur hafi sjálfstraust og færni til að miðla eigin hugmyndum í rituðu máli, sé mikilvægt að þeir öðlist færni til að skoða eigin texta gagnrýnið, endurskoða þá og taka uppbyggjandi gagnrýni frá öðrum, skrifum sínum til framdráttar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 96-104).

## **2.2 Hvatatengt móðurmálsnám**

Ljóst er að vel skipulögð kennsla, þar sem komið er inn á ólíka undirþætti tungumálsins, hefur mikið að segja um málvitund nemenda. Eins og Oddný G. Sverrisdóttir (2007, bls. 137-153) talar um í grein sinni „Um mikilvægi hvatatengds tungumálanáms“ er þó, að sama skapi, mikilvægt að stuðla að innri hvata og áhuga nemenda. Hvati er veigamikill þáttur í tileinkun tungumála og kemur oft í hlut kennara að hvetja nemendur og benda þeim á þau tækifæri sem tungumálanám skapar (Oddný G. Sverrisdóttir, 2007, bls. 136-138).

Oft eiga nemendur erfitt með að sjá tilgang með tilteknu tungumálanámi og er það sérstaklega varhugavert þegar kemur að eigin móðurmáli, enda er traust kunnáttu í því meginundirstaða staðgóðrar menntunar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 97). Margir fræðimenn líta á jákvætt viðhorf til markmálsins sem hluta af hvatanum til þess að læra málið. Þó er mikilvægt að greina á milli hvatans til að leggja stund á að rækta mál sitt og þess að gera sér grein fyrir ástæðunum sem að baki náminu liggja, enda má greina hvata til náms í mismunandi undirflokkum (Oddný G. Sverrisdóttir, 2007, bls. 126-140). Hvers kyns hvati getur, að lokum, virkað sem mikill drifkraftur og gert tungumálið auðveldara, skilvirkara og skemmtilegra (Oddný G. Sverrisdóttir, 2007, bls. 126-140).

Rannsóknir hafa sýnt að tungumálanám er að mörgu leyti frábrugðið öðru námi en, eins og fyrr segir, er tungumálið bæði grundvöllur tjáningar og hugsunar (Gardner, 2002, bls. 164). Þar af leiðandi tengist það sjálfsvitund nemenda með afgerandi hætti, enda notar fólk tungumálið bæði til þess að hugsa og skiptast á hugsunum við aðra. Sál- og menntunarfræðingurinn Robert C. Gardner (1985, bls. 10) skilgreinir hvata á

eftirfarandi hátt: „...motivation is the combination of effort plus favourable attitudes towards learning the language.“ Á íslensku mætti orða það þannig að hvati sé samsúða af þeirri vinnu sem lögð er í tiltekið nám og ákjósanlegu viðhorfi til þess að læra tungumálið. Eins og fyrr segir, getur hvati í tungumálanámi verið af ýmsum toga og er hvatakerfi Kellers oft notað til þess að taka saman þá þætti sem taldir eru hafa hvað mest áhrif á hvata nemenda (Keller, 1983, bls. 383-434).

Í hvatakerfi Kellers ber helst að nefna undirþættina *væntingar*, sem er notað til að fjalla um sjálfstraust og sjálfvirkni nemenda, sem og það sem nemendur búast við að upplifa í námi sínu; *mikilvægi*, sem er skírskotun til þess að hve miklu leyti nemandi telur að kennsla tengist sínum persónulegu þörfum, markmiðum eða gildum; *áhugi*, sem lýsa mætti sem innbyggðri forvitni og áhuga á því að vita meira um sig sjálfan sig og umhverfi sitt og loks *ánægja*, sem lýsa mætti sem bæði ytri- en ekki síður innri umbun, sem nemendur upplifa í stolti yfir vinnu sinni (Keller, 1983, bls. 383-434).

Rannsóknir um tungumálanám hafa sýnt fram á að greina þurfi á milli *innri- og ytri hvata*. Að auki er talið ákjósanlegt að afrakstur verkefna og náms, hvað gæði verkefnavinnu og sjálfstraust nemenda varðar, byggji frekar á því fyrrnefnda (Amabile, 1985, bls. 393-399). *Innri hvata* má skilgreina sem áhugahvöt sem kemur að innan og byggist á forvitni nemenda og þeirri ánægju sem þeir hafa og fá út úr því að takast á við viðfangsefnið. *Ytri hvata* má aftur á móti skilgreina sem vilja til að geðjast öðrum; fá viðurkenningu þeirra eða ná ákveðnum áfanga, sem ákvarðaður er af hinu ytra umhverfi (Oddný Sverrisdóttir, 2007, bls. 137-150).

### **2.3. Gildi skapandi skrifa fyrir áhugahvöt í ritun**

Ljóst er að ánægja, sjálfstraust og loks forvitni um sig sjálfan og umhverfi sitt hefur mikið að segja um innri hvata nemenda og er líklegt að námsaðferðir, sem taka mið af þeim þáttum, séu líklegar til árangurs (Keller, 1983, bls. 383-434). Þegar kemur að móðurmálsnámi, þróast færni í ritun hægar og með meiri herkjum en aðrir þættir tungumálsins, þ.e. hlustun, lestur og tal (Albertson & Billingsley, 2000). Fræðimennirnir Bruning og Horn (2000) héldu því fram að hætt væri við því að nemendur þróuðu með sér neikvætt viðhorf til ritunar, væri hún of stöðluð og bundin mati annarra, og gæti það leitt til bæði áhugaleysis og óskilvirkra ritunaraðferða. Enn fremur tala þeir um að tilhneiging sé

til þess að líta á ritun sem flókna iðju og að nemendur finni fyrir vanmætti sínum gagnvart þeim ströngu kröfum, sem oft eru gerðar, til staðlaðs forms texta fram yfir aðrar tegundir textaskrifa, þó sú tegund texta sé, eðli málsins samkvæmt, einnig mjög mikilvæg (Bruning og Horn, 2000).

Segja má að ritlist sé ákveðin grunnundirstaða hinna ýmsustu verkefna og ritgerða og má þá einu gilda um hvaða grein skólstarfsins ræðir, enda felst grunnnotagildi hennar í því að miðla bæði þekkingu og ritun á skriflegu formi (Rúnar Helgi Vignisson, 2011, bls. 29-31). Í því samhengi má t.d. nefna hvernig nemendur þurfa að ákveða sjónarhorn, rödd og málsnið og vera jafnframt meðvitaðir um formgerð í hvers kyns skrifum sínum, svo merking skrifanna skolist ekki til (Rúnar Helgi Vignisson, 2011, bls. 29-31). Samt sem áður er markviss ritlistarþjálfun ekki fyrirferðarmikil í skólakerfinu.

Í íslensku skólakerfi hefur ritlistarkennsla verið af skornum skammti (Rúnar Helgi Vignisson, 2011, bls. 29-31). Rannsóknir benda einnig til þess að íslenskir nemendur standi jafnöldrum sínum ekki snúning í samanburðarlöndum þegar kemur að ritun. Af þeim ástæðum er óhætt að segja að til mikils sé að vinna að stuðla að markvissri ritlistarþjálfun í grunn- og framhaldsskólum og nýta ritlistina sem eins öflugt kennslugagn og raun ber vitni. Til þess að gera kennsluna sem áhrifamesta er, að auki, mikilvægt að beita fjölbreyttum miðlum og aðferðum sem höfða til nemenda hverju sinni (Rúnar Helgi Vignisson, 2011, bls. 29-31).

Fræðimennirnir Şahbaz og Duran (2011) taka í sama streng í skrifum sínum en þar er talað um að sé ritun einungis kennd með hefðbundnum og einsleitum ritunaræfingum, sé erfitt að auðga textana; með því móti er nemendum gert erfitt fyrir að setja fram frumlegar hugmyndir, endurspegla eigin hugsanir og tilfinningar í skrifum sínum og loks að gera þau að sínum eigin (Göçen, 2019, bls. 1033-1037). Af þeim ástæðum er mikilvægt fyrir kennara að uppfæra kennsluhætti sína eftir því sem rannsóknum á ritunarkennslu fleygir fram og skapa vinnuumhverfi þar sem nemendur fá, samhliða stöðluðum ritunaræfingum, tækifæri til þess að skapa eigin ramma utan um skrif sín og beita ímyndunarafli sínu, en talið er að þeir þættir ritunarfærni komi nemendum að gagni ævilangt (Göçen, 2019, bls. 1033-1037).

Í grein sinni, „The effect of creative writing activities on elementary school students' creative writing achievement, writing attitude and motivation,“ talar Gökçen Göçen (2019,

bls. 1033-1035) um að hægt sé að standa að kennslu í skapandi skrifum þannig að nemendur fái allt í senn tækifæri til þess að láta sig dreyma, skipuleggja uppsetningu skrifa sinna, tjá hugðarefni sín óheflað, vera virkir í ritunarferlinu, njóta skrifanna og loks koma frumlegu efni frá sér. Skapandi skrif má skilgreina sem leið fyrir þann sem skrifar til þess að miðla hugsunum sínum og tilfinningum á sinn eigin, skapandi hátt (Mansoor, 2010, bls. 201-218). Á þann hátt má segja að skapandi skrif snúist í raun um að vera hugmyndaríkur og sjálfum sér samkvæmur, frekar en að leggja einungis áherslu á að vera skyldugur til að hugsa á „réttan hátt.“

Með öðrum orðum má segja að skapandi skrif séu leið til þess að beita tungumálinu, án þess að þurfa að miðla hreinni „þekkingu“ (Akdal & Şahin, 2014). Filbin (1963, bls. 43-45) talar um að, ólíkt öðrum formum ritunar, ættu skapandi skrif ekki að snúast um stafsetningu, málfræði og greinarmerkjasetningu í of miklum mæli. Hins vegar telur hann að ef vel takist til að vekja upp áhuga nemenda og gera lokaútkomu skrifanna þýðingarmeiri í hugum þeirra, eflist málvitund þeirra, þ.m.t. orðaforði, málfræði, stafsetning og greinarmerkjasetning, fyrir vikið (Filbin, 1963, bls. 43-45). Arslan (2013, bls. 1-17) tekur í sama streng og bætir við að liggi áherslan í ritun nemenda einungis á málfræðilega rétta texta, gleymist að gera nemendum grein fyrir megintilgangi ritunar, þ.e. að vera óhræddur við að nota tungumálið til tjáningar og miðlunar.

Ýmsar leiðir má fara þegar kemur að því að setja fyrir verkefni í skapandi skrifum í grunnskólum. Smásögur, hvers kyns ljóð, leikrit, ímyndaðar dagbækur, bréfaskriftir og saga byggð á ljósmyndum eru dæmi um verkefni sem líklegt er að kennarar leggi fyrir bekkji sína (Durham, 1970, bls. 155-174). Slík verkefni eru vel til þess fallin að nemendur átti sig á eigin sköpunarmætti; til að skrifa og miðla hugmyndum sínum til annarra og loks til að gefa nemendum tækifæri til þess að uppgötva og gera sér grein fyrir gildi ritunar (Durham, 1970, bls. 155-174). Að auki gefa slík verkefni nemendum tækifæri til þess að þroska vitsmuni sína, tjá sig á frjálstan hátt, hanna og skapa afurð skrifa sinna, þróa með sér samkennd og loks til að þjálfa hugarflug sitt og vinnuaðferðir (Göçen, 2019, bls. 1033-1037).

Rannsóknir hafa einnig rennt stoðum undir að skapandi skrif geti stuðlað að aukinni sjálfsþekkingu nemenda; stjórn á eigin tilfinningu og hugsunum; færni í skipulagningu- og framkvæmd hugmynda sinna og loks færni í að uppgötva- og nota upplýsingar á sinn eigin,

einstaka hátt (Göçen, 2019, bls. 1033-1040). Hugmyndir nemenda um eigin færni og sýn þeirra á ritun þróast snemma á lífsleiðinni og getur haft áhrif á framvinndu mála, þegar kemur að tjáningu í gegnum skrif, seinna á lífsleiðinni. Í því samhengi getur bæði hve oft nemendur fá tækifæri til að skrifa og á hvaða formi ritunæfingar þeirra eru einnig skipt sköpum (Göçen, 2019, bls. 1037-1040).

Til þess að skapandi skrif veiti nemendum hvetjandi reynslu af ritun, er mikilvægt að leggja verðug, raunhæf og viðeigandi ritunarverkefni fyrir (Monis & Rodriques, 2012). Einnig skiptir máli að verkefnin hæfi ólíkum nemendum og að settur sé skýr rammi utan um verkefnin. Að auki eru samræður afar mikilvægar þegar kemur að því að efla áhugahvöt nemenda fyrir eigin skrifum. Í því skyni er mikilvægt að tala við nemendur um hvað ýtir undir góð skrif og ræða við þá um undir hvaða kringumstæðum þeir skrifa best (Monis & Rodriques, 2012). Á þann hátt fá nemendur tækifæri til þess að átta sig á því hvaða vinnuaðferðir nýtist þeim sjálfum best og hvar styrkleikar þeirra liggja.

Þegar kemur að umræðum um skapandi skrif, er einnig mikilvægt að ræða við nemendur um tilgang ritunarverkefnanna, sem og um gildi ritunar og þær margvíslegu ástæður sem liggja því að baki að fólk skrifar yfir höfuð. Með því móti má ýta undir hvata nemenda á þann hátt að þeir átti sig sjálfir á gildi ritunar og hvaða þýðingu hún gæti haft fyrir þá sjálfa (Monis og Rodriques, 2012). Skapandi skrif byggjast jafnframt á frumleika og ímyndunarafl, umfram sannsögli og staðlaðri, „réttri“ hugsun (Brookes & Marshall, 2004). Eins og fyrr segir, hafa rannsóknir einnig gefið til kynna að skapandi skrif geti ýtt undir framfarir í ritun í víðara samhengi, til að mynda þegar kemur að almennri málvitund (Filbin, 1963, bls. 43-45).

Jafnframt því að stuðla að bættri máltilfinningu er talið að skapandi skrif geti einnig boðið upp á aðrar leiðir, en þær sem hefðinni tilheyrja, til þess að nemendur átti sig á eigin lærdóms- og vinnuferli í gegnum umræður um hið skapandi ritunarferli (Monis & Rodriques, 2012). Auk þess að efla málvitund nemenda og orðaforða, gefur vinna í skapandi skrifum tækifæri til þess að nálgast tungumálið í sínum víðasta skilningi og taka áhættu í beitingu þess. Sem fyrr segir eru skapandi skrif, að lokum, leið til þess að tengjast tungumálinu betur á eigin forsendum í gegnum tjáningu eigin hugmynda (Raimes, 1983).

Ljóst er að gildi kennslu í skapandi skrifum er margþætt: Þau hvetja nemendur til ritunar og tjáningar með því að ýta undir beitingu ímyndunaraflsins og að gera hlutina á

eigin forsendum (Mansoor, 2010, bls. 201-218; Akdal & Şahin, 2014). Að auki ýta þau undir aukna færni í tungumálinu og gera nemendum grein fyrir hvernig megi nota það til tjáningar á eigin hugsunum og tilfinningum. Skapandi skrif bjóða, að sama skapi, upp á tækifæri fyrir nemendur til að uppgötva víddir tungumálsins af eigin rammleik.

Í gegnum skapandi skrif má einnig kynnast því hvernig skapandi hugsanaferli virkar með því að taka áhættu og sjá hvert það leiðir höfundinn. Eins og fyrr segir, þróast hugmyndir nemenda snemma á lífsleiðinni og geta þær haft mikil áhrif á framvindu mála þegar fram líða stundir, bæði þegar kemur að sjálfstrausti þeirra í beitingu tungumálsins til tjáningar, sem og í námi og starfi seinna á lífsleiðinni (Göçen, 2019, bls. 1033-1040). Að lokum er ljóst að til mikils er að vinna að veita nemendum jákvæða sýn á móðurmálið og eigin hlutdeild í því, þegar kemur að tjáningu á margvíslegu formi.

#### **2.4. Skapandi skrif og hvetjandi ritunarumhverfi**

Samkvæmt hvatakerfi Kellers, sem þegar hefur verið nefnt, eru væntingar nemenda stór hluti af hvata þeirra til tungumálanáms og er ritun engin undantekning þar á (Keller, 1983, bls. 383-434). Eins og fyrr segir nær hugtakið væntingar í hvatatengdu tungumálanámi allt í senn yfir sjálfstraust þeirra, sjálfvirkni (e. self-efficacy) og skilvirkni og mótast þeir þættir af hugmyndum nemenda um sig sjálfa sem rithöfunda. Væntingarnar tengjast þó einnig þeim erfiðleikum sem nemendur þurfa að sigrast á við námið; hversu mikið þeir þurfa fyrir því að hafa og loks þeirri hjálp og leiðsögn sem þeir fá og framsetningu kennarans á námsefninu (Oddný G. Sverrisdóttir, 2007, bls. 137-153).

Umfram þá námsþætti, sem þegar hafa verið nefndir í tengslum við skapandi skrif, hafa rannsóknir einnig leitt líkum að því að þau geti haft ýmis góð áhrif á sjálfsvitund fólks almennt (Iolanda, og Constantin, 2014, bls. 575-579). Til að mynda er talið að skapandi skrif geti m.a. aukið sjálfstraust þess sem skrifar með því að hleypa viðkomandi dýpra inn í vitund sína og gera sér grein fyrir vídd eigin hugsana. Að auki gera skapandi skrif höfundinum kleift að þola erfiða reynslu og tilfinningar betur með því að skapa grundvöll til þess að tjá sig óheflað, á eigin forsendum, jafnvel þó að tjáningin sé t.d. sett fram sem smásaga (Iolanda og Constantin, 2014, bls. 575-579).

Tjáning eigin hugsana er vissulega ójákvæmileg í skapandi skrifum, en er þó ekki alltaf meginmarkmiðið. Oft er talað um skapandi skrif sem iðn og hvernig tiltekið ritverk



er uppbyggt, en ekki endilega hvaða merkingu það hefur (Leahy, 2017, bls. 44-57). Í skrifum sínum talar bandaríska skáldið og menntunarfræðingurinn Anna Leahy um að þrátt fyrir að vissulega sé fagnaðarefni hve margir öðlist innsýn og einhvers konar heilun í gegnum skapandi skrif sín, getur huggun og sjálfsuppgötvun ekki verið eini hvatinn að baki námi í skapandi skrifum; að rýna í lokaútkomu verkefnavinnu og uppbyggingu hennar á bókmenntafræðilegan hátt er einnig mikilvægur þáttur af ferlinu (Leahy, 2005, bls. 3-5). Í grein Rúnars Helga Vignissonar (2011, bls. 29-31), „Gagnsemi ritlistar,“ gætir svipaðra hugmynda en þar talar hann um að rétt eins og mikilvægt sé að stuðla að ritlistarkennslu sem líkleg er til þess að virka valdeflandi og spennandi fyrir nemendur, m.a. í gegnum sköpun og tjáningu, er einnig mikilvægt að huga að ritunarferlinu. Á þann hátt þjálfast nemendur og öðlast sjálfstraust í að umrita, rétt eins og atvinnuhöfundar gera (Rúnar Helgi Vignisson, 2011, bls. 29-31).

Eins og fyrr segir hefur sjálfstraust nemenda jákvæð áhrif á hvata þeirra til náms (Oddný G. Sverrisdóttir, 2007, bls. 137-153). Segja má þó að sjálfstraust sé ekki hreinlega meðfætt, það getur einnig verið áunnið og vel má ímynda sér að vissar aðstæður séu vænlegri en aðrar til þess að virka hvetjandi á nemendur. Að sama skapi felst sjálfstraust ekki aðeins í trú á eigin getu í tilteknu fagi, það felst einnig í trú á eigin getu til þess að bæta við sig færni með því að leggja vinnu í hlutina og hefur töluverð áhrif á hversu skapandi og fært fólk telur sig sjálft vera (Goldsmith og Matherly, 1988, bls. 84-96).

*Hugarfar vaxtar*, sem felst í trúnni á að eigin hæfileikar og geta geti „vaxið“ með tímanum, getur haft umtalsverð áhrif á sjálfstraust nemenda og framvindu mála í leik og starfi að skólagöngu lokinni (Symonette, 2018, bls. 24-25). Sýnt hefur verið fram á að skapandi skrif geti aukið sjálfstraust jafnt í ritun sem og í víðari skilningi, og aukið jafnframt sjálfvirkni nemenda, þ.e. að hafa trú á að geta sjálfur náð árangri þegar að kemur að því að leysa tiltekin verkefni (Myers, 1993).

Námsumhverfi skapandi skrifa, þar sem meira svigrúm er til þess að leysa verkefni á eigin forsendum, getur ýtt undir bættu sjálfsmynd nemenda og ánægju af ritun á hátt sem erfitt er að framkvæma í öðrum tegundum ritunarverkefna (Leahy, 2017, bls. 44-57). Í því samhengi má t.d. nefna hvernig ófullkomin ritsmíð getur verið mikilvægur áfangi og útkoman tekur ekki endilega gleðina úr skriftunum; sjö ára börnum getur t.d. þótt gaman

í fótbolta þótt þau séu engir snillingar, eins og Rúnar Helgi Vignisson (2011, bls. 29-31) nefnir í grein sinni, *Gagnsemi ritlistar*.

Í skrifum sínum talar fyrrnefnd Anna Leahy einnig um hvernig námsumhverfi í skapandi skrifum getur virkað hvetjandi fyrir nemendur með því að veita þeim tækifæri til að deila eigin verkum og fá endurgjöf frá öðrum. Í gegnum umræður um eigin verk og annarra læra nemendur að meta skrifin með því að hugsa lausnamiðað og án þess að nota sleggjudóma, og getur hvort tveggja virkað jákvætt á sjálfsmynd þeirra í ritun. Að lokum ýtir slíkt námsumhverfi undir sjálfstraust nemenda í námi, þar sem þeir finna að þeir hafi eitthvað um hlutina að segja (Leahy, 2005, bls. 6-10; 141-156).

Önnur aðferð, sem Anna Leahy (2005, bls. 6-10) notar í kennslu sinni til að fá nemendur til þess að þora að leyfa sér að taka áhættu í skrifum sínum er að lesa og rýna í verk sem þegar hafa verið gefin út með nemendum sínum. Á þann hátt sjá þeir alla flóruna af skrifum og eru sjálfir settir í sæti gagnrýnenda og uppgötva fyrir vikið eigin þekkingu á efninu; hvar henni gæti verið ábótavant og hvernig hægt er að brúa bilið. Að auki talar Leahy um að það að fara yfir eigin verk og átta sig sjálfur á hvar skóinn kreppir, hvað gæði skrifanna varðar, sé valdeflandi í sjálfu sér og sé til marks um hvernig skapandi skrif geti ýtt undir sjálfstraust og sjálfvirkni nemenda sem sjálfstæðra höfunda (Leahy, 2005, bls. 6-10).

Að auki skiptir miklu máli að endurgjöf um verkefni nemenda í skapandi skrifum sé nýtt á réttan hátt í kennslu. Sýnt hefur verið fram á að hún nýtist oft best snemma í ritunarferlinu því þá gefst nemendum tækifæri til þess að vinna úr henni (Rúnar Helgi Vignisson, 2011, bls. 29-31). Rétt eins og gott getur verið að kennarar og nemendur rýni í sameiningu í áður útgefin verk, er ekki verra að kennarinn skrifi sjálfur, jafnvel fyrir framan nemendur (Leahy, 2005, bls. 6-10). Þannig er hann frekar í hlutverki þátttakanda og samverkamanns frekar en að vera í hlutverki einhvers sem allt veit og kann, enda er ritlist flóknari en það, og enginn einn alvitur gagnvart henni. Á þennan hátt fá allir á tilfinninguna að þeir hafi eitthvað um eigin framfarir að segja (Rúnar Helgi Vignisson, 2011, bls. 29-31).

Að auki er vert að geta þess, að bæði það hve oft nemendur fá tækifæri til að skrifa og á hvaða formi ritunæfingar þeirra eru, hefur einnig mikil áhrif á hvernig til tekst að vekja upp áhuga þeirra og sjálfstraust (Göçen, 2019, bls. 1037-1040). Árið 2009 var gerð rannsókn

í Illinoisfylki í Bandaríkjunum í því skyni að hvetja grunnskólanemendur til skrifa og ala, fyrir vikið, af sér áhugasama, sjálfstæða og upplýsta nemendur. Rannsóknin gekk út á að skapa námsáætlun í ritun sem reyndi á að mismunandi gerðum greindar yrði beitt, sbr. fjölgreindarkenningu Gardners sem byggir á því að greind manna verði ekki ákvörðuð út frá einu tilteknu hæfnisviði heldur hafi hann, þvert á móti, átta mismunandi gerðir greindar og hafi hver og einn mismikið af hverri og einni þeirra. Í umræddri rannsókn var sjónum einkum beint að því að skapa námsáætlun í ritun með tilliti til sköpunargáfu og yfirsýnar yfir nákvæma uppbyggingu texta (Conroy, Marchand og Webster, 2009, bls. 1-49).

Kenning rannsækenda var að með því að reyna á mismunandi tegundir greindar í námi nemenda, yrði námið einstaklingsmiðaðra og meira við hæfi hvers og eins. Fyrir vikið töldu þau námið líklegra til þess að virka hvetjandi á nemendur og vekja áhuga þeirra á margþættu eðli ritunar og hvernig hún gæti auðgað líf þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að með því að höfða til mismunandi undirþátta greindar, þ.m.t. sköpunar, jókst hlutfall nemenda sem sagðist hafa jákvætt viðhorf til ritunar úr 55 prósentum upp í 72 prósent. Að rannsóknartíma loknum fannst um þriðjung foreldra, að auki, að börn sín eyddu meiri tíma í frjáls skrif heima við og gætu látið sér detta frumlegri hugmyndir í hug, skrifum sínum til grundvallar (Conroy, Marchand og Webster, 2009, bls. 1-49).

Frekari niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að það hlutfall nemenda sem sögðust vera áhugasamir um að reyna fyrir sér í ólíkum tegundum skrifa jókst úr 21 prósentu upp í 34 prósent. Að auki er vert að nefna að samkvæmt stöðlum rannsóknarinnar bættu nemendur sig að meðaltali um fjórðung þegar kom að öðrum þáttum ritunar en áhugahvöt einni og sér. Í því samhengi virtust nemendur bæta sig sérstaklega í þeim þáttum ritunar sem snúa að verklagi við skrifin, s.s. sköpunarmætti, setningaskipan og loks sagnalist (Conroy, Marchand og Webster, 2009, bls. 1-49).

Marga grunnskólanema skortir innri áhugahvöt og sjálfstraust til skrifa og geta ýmsir þættir í námsumhverfinu spilað þar inn í. Dæmi um slíka áhrifaþætti er skortur á því að kennarar séu upplýstir; skortur á því að setja fram námsáætlun sem snýr að ólíkum undirþáttum og gerðum ritunar og loks skortur á áherslu á sköpun og tjáningu í ritun (Conroy, Marchand og Webster, 2009, bls. 1-49). Einnig hefur verið tilhneiging til að leggja mesta áherslu á tæknileg atriði í ritunaræfingum. Mikilvægt er þó að reynt sé bæði á tæknileg atriði, s.s. stafsetningu, uppsetningu og frágang texta annars vegar og málsnið, stíl

og innihald texta hins vegar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 96-104). Líkt og áður hefur komið fram, getur hvort tveggja haft jákvæð áhrif á hinn þáttinn. Þetta sést m.a. glögglega þegar kemur að tengslum skapandi textagerðar, þar sem nemendur fá aukið svigrúm til þess að prófa sig áfram og gera hlutina á eigin forsendum, og framfara í ritun í víðara samhengi (Filbin, 1963, bls. 43-45).

Fleira í námsumhverfinu getur skipt sköpum til að ritun virki hvetjandi á nemendur og að sköpunarmáttur þeirra fái að njóta sín. Til að mynda er mikils um vert að skapa vinnuumhverfi þar sem nemendur kynnast margvíslegum tegundum útgefins efnis til að kynna þá fyrir flórunni allri af textum. Slík vinna getur ýtt undir áhugahvöt nemenda með því að sýna þeim margbreytileika texta og hvetja þá til að prófa ýmsar gerðir skrifa og taka áhættu (Leahy, 2005). Einnig getur hún ýtt undir áhuga þeirra á bókmenntum og skrifum almennt, enda eru bókmenntir og ritun óaðskiljanleg fyrirbæri (Leahy, 2005; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 96-104). Að auki er mikilvægt að ýta undir hvata nemenda með því að virkja þá sem gagnrýna og sjálfstæða rithöfunda og geta samræður, þar sem nemendur setjast sjálfir í sæti bókmenntarýna, virkað vel til þess konar valdeflingar (Leahy, 2005).

Til þess að hver fái sín notið í ritunarkennslu, er einnig mikilvægt kennslan sé bæði fjölbreytileg og reyni á mismunandi færni nemenda. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að rækta hæfileika sína, sem eru eðli málsins samkvæmt afar ólíkir manna á milli og ætti kennslan að taka mið af því. Í því samhengi er vert að nefna hugmyndir Howards Gardners, frumkvöðuls fjölgreindarkenningarinnar, en hann taldi að fengju nemendur tækifæri til þess að vinna með eigin styrkleika, efldust þeir námsþættir sem betur mættu fara fyrir vikið (Conroy, Marchand og Webster, 2009, bls. 1-49). Fáir nemendur að nota eigin styrkleika í ritun, hvort sem þeir eru tjáning, sköpun eða eitthvað annað, eru einnig auknar líkur á að námið öðlist merkingu í huga þeirra og að sjálfstraust þeirra eflist um leið (Veins, 1999, bls. 17).

Að lokum hefur gefist vel að leyfa nemendum að skrifa um eigin reynslu á skapandi hátt til að efla áhugahvöt þeirra í ritun (Conroy, Marchand og Webster, 2009, bls. 1-49). Í því samhengi hafa rannsóknir til að mynda sýnt að þegar kennarar ná að tengja skrif nemenda við áhugamál þeirra, framtíðarplön eða fyrri reynslu, hjálpi það nemendum að svara sjálfir algengum spurningum sem upp kunna að koma í kennslu eins og: „Af hverju

þarf ég að skrifa þetta?“ eða: „Hver er tilgangur þess að læra ritun?“ Ef nemendur vita eigið svar við þessum spurningum eru þeir, að lokum, líklegri til að fyllast áhuga á bæði eigin ritun, sem og ritun annarra (Conroy, Marchand og Webster, 2009, bls. 1-49).

### **3. Skapandi skrif, gagnrýnin hugsun og víðsýni**

#### **3.1. Menntagildi gagnrýnnar hugsunar**

Eins og fyrr segir, er gildi íslenskukennslu víðtækt og er Aðalnámskrá grunnskóla til marks um það. Í Aðalnámskrá grunnskóla er jafnframt kveðið á um sex grunnþætti menntunar og eru þeir læsi; sjálfbærni; heilbrigði og velferð; lýðræði og mannréttindi; jafnrétti og loks sköpun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 16). Grunnþættirnir byggjast á því viðhorfi sem kemur fram í löggjöf um skóla og að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum, sem og þeim markmiðum er varða menntun hvers einstaklings. Þeir tengjast ennfremur innbyrðis og eru háðir hver öðrum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 15-18).

Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýnni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 15-18). Eins og fyrr segir er sköpun einn þeirra en í Aðalnámskrá segir að hún sé mikilvægur þáttur í allri menntun og nær hún þannig til allra grunnþáttanna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 15-18). Mikilvægt er að hvers kyns menntun miði að því að nemendur verði, með tíð og tíma, sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar og geti tekist á við líf og starf í heimi sem er í stöðugri þróun og er ljóst að til mikils er að vinna að ná þeim markmiðum (Auður Torfadóttir, 2005).

Gagnrýnin hugsun er af mörgum talin grundvallareiginleiki í sífellt hnattvæddari heimi, jafnt í hversdagslífinu, á vinnustað, sem og í skóla og því er mikilvægt að rækta hana í hvers kyns kennslu. Fyrir tilstilli gagnrýnnar hugsunar læra nemendur að læra, hugsa skýrt og taka þýðingarmiklar ákvarðanir um hvað þeir eigi að halda eða gera (Alipichev, Birova, Kalugina, Kulamikhina, og Vasbieva, 2018, bls. 115-130). Að auki gerir getan til að beita gagnrýnni hugsun nemendum kleift að búa sig undir að beita réttindum sínum og skyldum, bæði í nærsamfélagi sínu, sem og í alþjóðasamfélagi (Alipichev, Birova, Kalugina, Kulamikhina og Vasbieva, 2018, bls. 115-130).

menntafrumkvöðulsins John Deweys. Samkvæmt kenningu hans tengist nám þeirri hugmynd að nemendur öðlist reynslu til að leita sjálfir svara og þurfi því að fá tækifæri til þess að prófa sig áfram, ígrunda eigin vinnu og læra af því sem þeim finnst betur mega fara hverju sinni (Dewey, 2000). Þannig taldi hann að nemendur lærðu mest á að framkvæma sjálfir, frekar en að vera einungis móttakendur fróðleiks.

Eru þær hugmyndir nokkuð í ætt við þær hugmyndir sem þegar hafa verið ræddar í fyrsta kafla og má, í því skyni, m.a. nefna hugmyndir fræðimannanna Bruning og Horn (2000) um hvernig sú hugmyndafræði að með því að leggja aðeins fyrir stöðluð ritunarverkefni, sem bundin eru mati annarra, gætu nemendur þróað með sér áhugaleysi í garð námsins, auk óskilvirkari námsaðferða. John Dewey taldi, aftur á móti, að fengju nemendur tækifæri til þess að hugsa sjálfstætt í námi sínu og rekja sig að svarinu af eigin rammleik, væri líklegra að þeir næðu því takmarki að þróa með sér skapandi hugsun. Að auki taldi hann að reynsla þeirra af því að skipuleggja framkvæmd hinna ýmsu verkefna sjálfir og framkvæma þau leiddi til djúpstæðari skilnings á viðfangsefninu (Sigrún Theódóra Steindórsdóttir, 2011, bls. 22-28).

Téðar hugmyndir Deweys eru nokkuð í ætt við hugmyndir hugsmiðahyggjunnar en í henni er lögð áhersla á sjálfstæða hugsun og að nemendur fái tækifæri til þess að koma eigin hugmyndum á framfæri, líkt og raunin er í kennslu í skapandi skrifum, þar sem tjáningu og sköpun er beitt (Bruner, 1996, bls. 1-43). Samkvæmt bandaríska sálfræðingnum og menntafrumkvöðlinum Jerome Bruner er jafnframt mikilsvert að nemendur séu ekki aðeins settir í stöðu þeirra sem allt þurfa að apa eftir hinum ýmsu upplýsingaveitum; þeir þurfa einnig að fá tækifæri til að hugsa sjálfstætt og á gagnrýninn hátt (Bruner, 1996, bls. 1-43).

### **3.2. Tengsl skapandi- og gagnrýninnar hugsunar**

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að gera betur grein fyrir hugtakinu gagnrýnin hugsun. Heimspekingurinn Páll Skúlason kynnti hugmyndir sínar um hugtakið í útvarpserindi árið 1987, þar sem hann fjallaði um hvort hægt sé að kenna gagnrýna hugsun. Páll telur gagnrýna hugsun felast í sjálfsskoðun og því að leita sífellt að gildum rökum fyrir skoðunum sínum (Páll Skúlason, 1987). Páll (1987, bls. 67) telur gagnrýna hugsun enn fremur vera ákveðinn grundvöll þekkingarleitar og þess að gera nemendur sjálfstæða í námi sínu og hæfa til þess að leysa verkefni af eigin rammleik.

Þegar hefur verið talað um eðli skapandi skrifa með tilliti til eiginleika þeirra til þess að hvetja nemendur til ritunar og tjáningar með því að gera hlutina á eigin forsendum (Mansoor, 2010, bls. 201-218; Akdal og Şahin, 2014). Við fyrstu sýn kunna skapandi hugsun, sem eðli málsins samkvæmt er notuð í töluverðum mæli í skapandi skrifum, og gagnrýnin hugsun vera tvennt ólíkt; annað byggir á rökum en hitt virðist fara um víðan völl. Í bók sinni *Hugarfar gagnrýnnar hugsunar* gefur heimsspekingurinn Guðmundur Heiðar Frímansson (2010, bls. 123) þó annað í skyn. Hann telur, líkt og Páll, að gagnrýnin hugsun felist í að taka ýmislegt til greina og velta því vandlega fyrir sér. Enn fremur telur hann að bæði í gagnrýnu- og skapandi hugsanaferli, sé teningnum velt og allar mögulegar hliðar viðfangsefnisins skoðaðar. Til þess að geta hugsað á þann hátt þarf að beita ímyndunaraflinu, enda eru ekki allir möguleikar fyrirfram ljósir (Guðmundur Heiðar Frímansson, 2010, bls. 123).

Þegar kemur að skapandi skrifum má í raun segja að oft reyni allt í senn á skipulagningu og ímyndunarafl höfundarins. Það sést bersýnilega í því þegar höfundur finnur ákveðinni óhlutbundinni eða skapandi hugsun farveg með því að skapa samhengi á milli efnisgreina, setninga og orða (Alipichev, Birova, Kalugina, Kulamikhina, og Vasbieva, 2018, bls. 115-130). Segja má þó að ákveðinn sveigjanleiki sé grundvöllur listrænnar vinnu og í bók sinni, *Creativity in education*, talar Anna Craft um mikilvægi þess að spyrja alltaf „Hvað ef?“ í sköpunarferli nemenda sinna. Einnig telur hún afar mikilvægt að vera gagnrýninn á eigin þekkingargrunn svo hann nýtist sem best þegar ímyndunaraflinu er gefinn laus taumur (Craft, Jeffery og Leibelng, 2001, bls. 47-49).

Mikilvægt er að temja sér næmni fyrir umhverfinu þegar unnið er með það á skapandi hátt, enda hjálpar það fólki að taka vel ígrundaðar ákvarðanir og sjá margar hliðar á eðli hinna ýmsu hluta (Craft, Jeffery og Leibelng, 2001, bls. 54-56). Svipaðra hugmynda gætir hjá menntafrumkvöðlinum Elliot Eisner (2002, bls. 4-24) en hann telur, að sama skapi, að skapandi vinna í skólasterfi auki næmni nemenda fyrir umhverfi sínu þegar þeir sækja þaðan efnivið í verk sín og grandskoða það af sjálfsdáðum. Einnig bendir hann á að í skapandi vinnu séu engin rétt svör og því þurfi nemendur alfarið að styðjast við eigin þekkingargrunn og dómgreind. Að lokum telur hann að eftir því sem ímyndunaraflið er betur virkjað í hvers kyns vinnu, eigi nemendur auðveldara með að sjá það sem ekki er auðséð, sem hjálpar þeim að lesa á milli línanna og skynja hlutina á gagnrýninn hátt (Eisner,

2002, bls. 4-24).

Í bók sinni, *The Arts in Children's Lives, aesthetic education in early childhood*, skrifuðu Jalongo og Stamp (1997, bls. 60) um mikilvægi þess að þróa hæfileikann til þess að skynja hluti á áhrifaríkan hátt strax í bernsku. Samkvæmt þeim eru börn athugul, forvitin og óhrædd við að vera þau sjálf í eðli sínu. Sífelld verður að leggja áherslu á þá þætti, bæði í hugsun og námi, vilji fólk viðhalda þeim eiginleikum, og má þá einu gilda um hvaða aldurshópa ræðir (Jalongo og Stamp, 1997, bls. 60).

### **3.3. Skapandi skrif og efling gagnrýnnar hugsunar**

Í grein sinni, „Að vitsmunir barna þroskast í náminu,“ talar Hafþór Guðjónsson (2010, bls. 10), náttúrufræðikennari og dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, um reynslu sína af því að hafa látið reyna á kennsluhætti sem miða að því að efla sjálfstæða ígrundun, líkt og áður hefur verið lýst, í kennslu nemenda sinna. Í kennslu sinni fól hann nemendum að rannsaka sjálfir kertaloga og teikna mynd af honum. Í upphafi töldu nemendur hann vera gulan og rauðan en við nánari athugun reyndist hann taka á sig ýmsar aðrar myndir eftir aðstæðum og verða líka brúnn og jafnvel blár. Hafþór (2010, bls. 10) segir að með þessu móti hafi nemendur sjálfir fengið að setjast í stellingar gagnrýnnar rannsakenda og fyrir vikið hafi námið orðið áþreifanlegra og vakið meiri forvitni.

Rúnar Helgi Vignisson (2011, bls. 29-31), rithöfundur og prófessor í ritlist við Háskóla Íslands, lýsir reynslu margra skrifara þegar kemur að skapandi skrifum á svipaðan hátt. Hann segir að sá sem skrifar ferðist gjarnan um í þoku sem greiðist svo úr svo sjáist loks til lands. Stundum er þar framandi land að finna, sem höfundur hafði jafnvel ekki ætlað til og vissi e.t.v. ekki að byggi innra með honum. Á þann hátt lýsir hann „leiðinni“ sem felst í skapandi ritunarferli en hún opnar, oftast en ekki, augu nemenda fyrir nýjum víddum og, ekki síst, því sem býr innra með þeim. Á leiðinni reynir, að auki, á athyglisgáfu og minni, jafnframt því sem heilasellurnar neyðast til að tengja ólík atriði og skoða allar hliðar viðfangsefnisins. Þetta gerir ritun að dýrmætu verkfæri í skólakerfinu þar sem hún sameinar fagaða hugsun og landkönnun hugans, og styður það hugmyndir Craft, Jeffery og Leibel (2001, bls. 47-49) um hvernig verkefni sem miða að skapandi hugsun byggi bæði á beitingu ímyndunarafslisins, sem og hæfni til að setja hlutina í samhengi.

Í skrifum sínum talar Rúnar Helgi Vignisson (2011, bls.29-31) loks um hvernig gleðin



sé lykilatriði þegar kemur að því að leggja eitthvað fyrir sig og að hún fari oft samhliða sköpun og tjáningu. Hann bætir við að auk þess að skapandi ritun feli í sér tjáningu, nýtist hún vel til að þjálfra gagnrýna hugsun, sökum þess hve margar hliðar mála eru skoðaðar í skrifunum og hve sjálfstæðir nemendur eru í verkefnavinnunni. John Bean (1996, bls. 19) skoðar tengsl gagnrýnnar hugsunar og skapandi skrifa enn nánar í skrifum sínum. Í þeim talar hann um að velheppnað ritunarverkefni ýti undir hvata nemenda til að taka þátt í rökræðum þar sem mismunandi skoðana eða sjónarhorn gæti og má þá einu gilda hvort rökræðurnar felist í eintali skrifara við sig sjálfan eða í samræðum við aðra.

Þess konar ritunarverkefni reyna í senn á forþekkingu nemenda og á það að þeir geri gildi þeirrar þekkingar upp við sig til þess að geta komist að þeirra eigin velígrunduðu og merkingarbæru niðurstöðu. Með því að byggja upp ákvarðanir sínar hverja af annarri í ritunarferlinu, er fyrir vikið líklegra að nemendur efli og þrói sinn vitsmunalega þroska (Bekurs og Santoli, 2004, bls. 1-6). Rétt eins og mikils er vert að nemendur geti vegið og metið eigin þekkingargrunn, er einnig til mikils að vinna að þeir þjálfist í að hugsa gagnrýnið um bæði almenna þekkingu og heiminn. Þannig læra þeir að meta upplýsingar og komast að velígrundaðri skoðun, án þess að samþykkja tiltekna upplýsingar um leið og þær berast (Bean, 1996, bls. 19). Nemendur nútímans búa í samfélag þar sem framboð hinna ýmsu upplýsinga er alltumlykjandi. Í slíku samfélagi felst ein helsta áskorun þeirra í því að læra að meta þær upplýsingar og gera sér grein fyrir gildi þekkingar sinnar, svo hægt sé að laga hana að hinum ýmsu aðstæðum (Bekurs og Santoli, 2004, bls. 1-6).

Talið er að skapandi skrif geti reynst nemendum hjálpleg þegar kemur að því að gera sé grein fyrir eigin hugsunum og þekkingu. Í því samhengi má t.d. vitna í hugmyndir E. M. Forster en þekkt eru orð hans: „How do I know what I think until I see what I say“ [Hvernig get ég gert mér grein fyrir því sem ég hugsa án þess að sjá fyrst það sem ég segi]? Svipaðra hugmynda gætir í skrifum bandaríska rithöfundarins Flannery O'Connor en hún sagðist ekki vita hvað hún hugsaði fyrr en hún læsi það sem komið var á blað og hún hafði skrifað (Rúnar Helgi Vignisson, 2011, bls. 29-31). Ákjósanlegt er að ritunarverkefni miði að því að hjálpa nemendum að kynnast eigin hugsunum og margbreytileika hluta, og ættu kennslustundir nútímans að stuðla að því að ýta undir aukna getu nemenda til að víkka sjóndeildarhring sinn (Bekurs og Santoli, 2004, bls. 1-6).

Segja má að gildi bæði bókmenntakennslu og skapandi skrifa felist, að sama skapi, í

Því hvernig þær greinar hjálpa fólki að deila rödd sinni og eigin hugsunum og líta á hvert annað sem allt í senn ólíka en jafna einstaklinga. Að auki er vinna í kringum þær greinar vel til þess fallin að bjóða upp á umræður um hinar ýmsu hugmyndir og hugðarefni (Bean, 1996, bls. 17). Einnig má segja að þegar skrif felast í því að uppgötva hvað býr innra með sér, eins og oft er gert í skapandi ritunarferli, sé á sama tíma verið að beita gagnrýninni hugsun í sinni einföldustu mynd. Ritunarverkefni sem nefna má í því samhengi eru bréfaskriftir og dagbækur og eru það einnig dæmi um verkefni sem stuðla að því að sá sem skrifar átti sig betur á eigin hugsun eftir því sem skrifunum fleygir fram (Bekurs og Santoli 2004, bls. 1-6).

Líkt og fyrr segir eru skrif sem miða að tjáningu nemenda einnig líkleg til að stuðla bæði að auknu öryggi og sjálfstrausti. Með því að þjálfa með sér nýjar skrifvenjur, líkt og þær sem tíðkast í skapandi skrifum, er líklegt að nemendur yfirstígi óttann við að skrifa, jafnframt því að möguleikar fyrir beitingu sköpunar og andlegan vöxt opnast (Bekurs og Santoli, 2004, bls. 1-6). Rannsóknir hafa, enn fremur, leitt líkum að því að þegar nemendur verða meðvitaðri um hinar ýmsu stefnur sem hægt er að fara í skrifunum, sem og um ritunarferlið sem þarf að fara í gegnum til að skapa áhrifamikil skrif, og þegar þeir líta loks yfir grunnvinnu sína og dæma hana út frá ólíkum rökum sem þeir hafa þróað með sér, sameini þeir þá skapandi og gagnrýnu hugsun sem einkennir hugsun þeirra sem leggja fyrir sig skrif (Bekurs og Santoli, 2004, bls. 1-6).

Í grein sinni, „Writing is Power: Critical Thinking, Creative Writing and Portfolio Assessment,“ tala Diane Bekurs og Susan Santoli (2004, bls. 1-6) um tilhneigingu fólk til að laðast að því sem það hefur áhuga á og ósjálfráðan áhuga þess til að uppgötva eigin hugsun og komast að því hvað veki upp áhuga sinn. Ken Macrorie (1980), sem þekktur er fyrir kenningar sínar um ritunarferlið, telur grundvöll skapandi skrifa felast í þeirri einföldu hugmynd að áhugi fólks á sér sjálfu, sem og á umhverfi sínu, virki áhugahvetjandi til frekari þekkingarleitar. Í skrifum sínum bendir hann einnig á mikilvægi þess að það sem gert er innan kennslustofunnar höfði til áhugasviðs ólíkra nemenda og bjóði upp á ólíka nálgun þeirra á viðfangsefninu, svo hin eðlislæga tilhneiging til þess að hafa þörf fyrir að vita meira um eigin eðli og áhugamál viðhaldist og nýtist í kennslu í skapandi skrifum (Macrorie, 1980).

Eins og fram hefur komið, er margt í eðli skapandi skrifa sem líklegt er til að auðvelda nemendum að átta sig á eðli hinna ýmsu hluta. Í gegnum ritun má finna sjálfstjáningu

farveg, jafnframt því sem hún getur stuðlað að uppgötvun nemenda á sjálfum sér. Einnig getur hún reynst vel þegar kemur að því að fást við erfiðar aðstæður, sem þeir hafa ekki stjórn á sjálfir, líkt og við mál tengd fjölskyldu eða fjárhag (Ruben og Moll, 2013, bls. 12). Samt sem áður er tilhneiging til þess að líta einungis á tilgang ritunarkennslu sem undirbúning fyrir önnur verkefni, eins og hin ýmsu próf í öðrum greinum sem oft eru skrifuð hærra í skólakerfinu. Líkt og fram hefur komið, felst menntagildi skapandi skrifa þó í mun fleiri þáttum en að vera einungis undirbúningur fyrir aðrar námsgreinar. Ef vel er að kennslunni staðið má, í því samhengi, nefna hvernig skapandi skrif geta stuðlað að eins mikilvægum eiginleikum og gagnrýninni hugsun og víðsýni með því að auka forvitni nemenda fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu; stuðla að sjálfstæðri könnun þeirra á eðli hluta og tengslum þeirra og loks með því að efla lausnamiðaða og skapandi hugsun sem auðveldar þeim að sjá hlutina frá ólíkum sjónarhornum (Ruben og Moll, 2013, bls. 12-18).

#### **4. Umræða**

Þegar kemur að ritunarkennslu hafa skapandi skrif oft verið látin mæta afgangi í skólakerfinu. Hins vegar virðist menntagildi þeirra töluvert, jafnframt því sem þau eru líkleg til að höfða til fjölbreytts nemendahóps. Skapandi skrif reyna á fjölmarga undirþætti tungumálsins, s.s. sköpun, færni þegar kemur að uppbyggingu texta, sjálfsþekkingu, gagnrýna hugsun, víðsýni og loks máltilfinningu nemenda. Af þeim ástæðum eru þau líkleg til að efla framangreinda undirþætti og renna bæði fyrri rannsóknir og skrif þó nokkrum stöðum undir það. Eiginleikar á borð við gagnrýna hugsun og áhuga á að bæta stöðugt við málfærni sína og sjálfstraust þegar kemur að því að þora að prófa sig áfram við beitingu tungumálsins eru, enn fremur, mikilsverðir þættir í nútímasamfélagi.

Eins og komið hefur fram og líkt og segir í Aðalnámskrá, er til mikils að vinna að huga að hinum sex grunnþáttum menntunar, þ.e. læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og loks sköpun í kennslu. Vel má hugsa sér að það að temja sér víðsýni, sjálfsþekkingu, gagnrýna hugsun og loks þor og færni til að gera hug sínum skil, séu mikilvægir undirþættir grunnþáttanna, jafnframt því að undirbúa og efla nemendur til þátttöku í samfélagi jafnréttis og lýðræðis. Tungumálið er mikilvæg boðleið til að miðla þekkingu og skoðunum manna á milli og hefur ritun löngum reynst fólki vel í því skyni. Eins og fram hefur komið, hafa nemendur tilhneigingu til að þróa með sér neikvætt viðhorf í

garð ritunar og er það áhyggjuefni.

Til mikils er að vinna að efla sjálfstraust nemenda og áhugahvöt í garð ritunar, enda hefur áhugahvöt mikil áhrif á metnað þeirra og þá ánægju sem nemendur fá út úr tilteknu námi. Skapandi skrif eru, að lokum, líkleg til að bjóða nemendum upp á nýja og fjölbreyttari nálgun á ritun en hefðbundnari ritunarkennsla gerir, þó að sérhvert form ritunaræfinga hafi, eðli málsins samkvæmt, sitt eigið menntagildi. Í því samhengi má nefna hvernig þau eru líkleg til að vekja upp forvitni nemenda á sjálfum sér og umhverfi sínu, auk þess sem þau stuðla að sköpun sem getur aukið ánægju þeirra af skrifunum. Af þeim ástæðum eru skapandi skrif líkleg til að höfða til mismunandi nemenda og auka ánægju margra þeirra af ritun.

### **Lokaorð**

Gildi móðurmálskennslu er mikið og eru ákvæði í Aðalnámskrá grunnskóla til marks um það (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Móðurmálskennsla hefur m.a. það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í rituðu máli. Ritmál tungumálsins er jafnframt miðill sköpunar sem miðlar nýrri þekkingu og hugmyndum manna á milli. Í Aðalnámskrá er einnig talað um að ritun geti reynst nemendum vel sem „eintal skrifara við sjálfa sig“ og er því ljóst að hún gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að aðstoða nemendur við að átta sig á eðli eigin hugsanna og vídd þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 97-98).

Sé staðið að ritunarkennslu á þann hátt að nemendur fái tækifæri til að skoða viðfangsefnið af eigin rammleik og prófa sig áfram með að skrifa um margvíslegar hliðar þess, líkt og oft er gert í skapandi skrifum, er einnig líklegt að gagnrýnin hugsun eflist fyrir vikið (John Bean, 1996, bls. 19). Í skapandi skrifum gefst, að auki, tækifæri fyrir þann sem skrifar til að miðla hugsun sinni og tilfinningum á sinn eigin skapandi hátt (Mansoor, 2010, bls. 201-218). Skapandi skrif reyna enn fremur á að sá sem skrifar hugsu á gagnrýninn hátt um uppbyggingu eigin skrifa svo hinni skapandi hugsun sé fundinn ákjósanlegur farvegur og hlutirnir settir í samhengi (Rúnar Helgi Vignisson, 2011, bls. 29-31; Craft, Jeffery og Leibelng (2001, bls. 47-49). Af þeim ástæðum má segja að grunneðli skapandi skrifa felist, ekki síst, í að vera hugmyndaáríkur og sjálfum sér samkvæmur, frekar en að einungis sé lögð áhersla á að vera skyldugur til að hugsa á „réttan“ hátt.

Auk þess að geta reynst grundvöllur til þess að efla sjálfsþekkingu, víðsýni og loks

gagnrýna hugsun nemenda, getur námsumhverfi skapandi skrifa, að sama skapi, ýtt undir bættu sjálfsmynd og ánægju nemenda af ritun á hátt sem erfitt er að framkvæma í öðrum tegundum ritunarverkefna (Leahy, A., 2017, bls. 44-57). Með því að fá kynni af skapandi skrifvenjum, þar sem reynir á nemendur að reiða sig á eigin forþekkingu og finna eigin skapandi hugmyndum farveg, er líklegt að nemendur yfirstígi óttann við að skrifa, jafnframt því sem möguleikar fyrir beitingu sköpunar og andlegan vöxt opnast (Bekurs og Santoli, 2004, bls. 1-6).

Vegna þess möguleika sem tungumálið veitir fólki til að meðtaka og miðla upplýsingum, hugsunum og skoðunum, er að lokum ljóst að til mikils er að vinna að veita nemendum jákvæða sýn á móðurmál sitt og eigin hlutdeild í notkun þess (Göçen, G., 2019, bls. 1033-1040). Mikilvægt er að hvers kyns menntun miði að því að stuðla að slíku viðhorfi nemenda til tungumálsins í hvívetna og stuðli, að auki, að sjálfstrausti þeirra þegar kemur að beitingu þess. Eins og segir í Aðalnámskrá er einnig mikilvert að skólakerfið ali af sér nemendur sem vel eru í stakk búnir að verða, með tíð og tíma, hluti af samfélagi jafnréttis og lýðræðis (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 15-18).

Þegar kemur að þátttöku fólks í samfélaginu, getur sjálfstraust til tjáningar í gegnum hin ýmsu form tungumálsins, sem og gagnrýnin hugsun, skipt sköpum. Rannsóknir hafa leitt líkum að því að skapandi skrif geti stuðlað að aukinni færni í hvoru tveggja, jafnframt því að reynast þeim sem skrifar ánægjuleg reynsla, sem ýtir undir áhuga á frekari skrifum og framförum í þeim. Vegna hins víðtæka menntagildis sem skapandi skrif virðast geta haft, sé vel að kennslunni staðið, væri að lokum áhugavert að fylgjast með framvindu mála, væri látið reyna á notkun þeirra í ríkari mæli í kennslu en þegar er gert héraendis.



## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.

Akdal, D., & Şahin, A. (2014). The effects of intertextual reading approach on the development of creative writing skills. *Eurasian Journal of Educational Research* 14(54), 171-186

Albertson, L. R., & Billingsley, F. F. (2000). Using strategy instruction and self-regulation to improve gifted students' creative writing. *Journal of Advanced Academics*, 12(2), 90-101.

Alipichev, D. G., Birova, J., Kalugina, O.A., Kulamikhina, I.V, og Vasbieva, D.G. (2018). Developing Communication and Critical Thinking through Creative Writing in English and French Language: Analysis of Classroom Management Strategies. *Komunikacie*, 20 (1), 115-130

Amabile, T. M. (1985). Motivation and creativity: Effects of motivational orientation on creative writers. *Journal of Personality and Social Psychology*, 48(2), 393-399. doi: 10.1037/0022-3514.48.2.393

Arslan, R. C. (2013). An integrated approach to enhancing prospective English language teachers' writing skills. *Journal of Language and Linguistic Studies*, 9(2), 1-17.

Auður Torfadóttir. (2005). Er námsmat í tungumálum í takt við tímann? *Netla- Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://wayback.vefsafn.is/wayback/2020101717-5504/https://netla.hi.is/greinar/2005/011/index.htm>

Bekurs, D. og Santoli, S. (2004). Writing is Power: Critical Thinking, Creative Writing and Portfolio Assessment. *Essays in Education* 10(2), 1-6.

Bruner, J. (1996). *The culture of education*. Cambridge: Harvard University Press.

Conroy, M., Marchand, T., & Webster, M. (2009). *Motivating primary students to write using writer's workshop* (meistararitgerð). Sótt af <https://files.eric.ed.gov/fulltext/ED504817.pdf>

Craft, A., Jeffery, B. og Leibling, M. (ritstjórar). (2001). *Creativity in education*. London: Continuum.

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun*. Reykjavík. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Durham, M. K. (1970). Creative writing. *English Studies in Africa*, 13(1), 155-174.

- Eisner, E. W. (2002). *The Art and the Creation of Mind*. London: University Press.
- Filbin, R. L. (1963). Teaching creative writing in the elementary school. *Elementary English*, 40(1), 43-45.
- Furner, B. A. (1973). Creative Writing through Creative Dramatics. *Elementary English*, 50(3), 405-408.
- Gardner, R. C. (1985). *Social Psychology and second language learning. The Role of Attitudes and Motivation*. London: Edward Arnold.
- Gardner, R. C. (2002). Social Psychological perspective on second language acquisition. Í R.B. Kaplan (ritsj.), *The Oxford handbook of applied linguistics* (bls. 160-182). Oxford: Oxford University Press.
- Goldsmith, R.E. og Matherly, T.A. (1988). Personal Item Pool and the Future public domain personality measures. *Journal of Research in Personality* 40 (55).
- Guðmundur Heiðar Frímansson. (2010). Hugarfar gagnrýnnar hugsunar. *Hugur- tímarit um heimsspeki*, 22(1), bls. 119-134.
- Göçen, G. (2019). The effect of creative writing activities on elementary school students' creative writing achievement, writing attitude and motivation. *Journal of Language and Linguistic Studies*, 15(3), 1032-1044.
- Hafþór Guðjónsson. (2010). Að vitsmunir barna þroskist í náminu. Netla- Veftímarit um uppeldi og menntun. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2010/010/>
- Iolanda, M. og Constantin, V. (2014). The Effects of Creative Improvisation through Literature Technique on Self Esteem, in a Unifying Personal Development Group. *Procedia - Social and Behavioral Sciences* 2015, 4(187), bls. 575 – 579. Doi:10.1016/j.sbspro.2015.03.107
- Karkowski, A. og Kaufman, J.C. (ritstjórar). (2017). *The Creative Self- Effects of Beliefs, Self Efficacy, Mindset and Identity*. London: Academy Press.
- Keller, J. M. (1983). Motivational design of instructions. Í C.M. Reigelruth (ritstj.), *Interstructural design theories and models: An overview of their current status* (bls. 393-434). Hillsdale, NJ: Lawrence Erlbaum.
- Leahy, A. (2017). "It's such a good feeling" Self Esteem, The Growth Mindset and Creative Writing. Í Stephanie Vanderslide og Rebecca Manery (ritstjórar). (2017). (bls. 44-57). *Can Creative Writing Really Be Taught?* London: Bloomsbury Publishing.



- Leahy, A. (2005). *Power and Identity in the Creative Writing Classroom*. Bristol: Multilingual Matters Ltd.
- Macrorie K. (1980). *Searching Writing*. New Jersey: Hayden.
- Mansoor, A. (2010). Teaching creative writing to university level second language learners in Pakistan. *New Writing: The International Journal for the Practice and Theory of Creative Writing*, 7(3), 201- 218.
- Moll, L. og Ruben, B. (2013). Putting the heart back into writing. *Middle School Journal*, 45 (2): 12-18.
- Monis, M. and Rodrigues, M. V. (2012). Teaching creative writing in English language classroom. *Indian Streams Research Journal*, 2(10).
- Myers, D. G. (1993). The rise of Creative Writing. *Journal of the History of Ideas*, 54(2):277-297. Doi: 10.2307/2709983
- Oddný G. Sverrisdóttir. (2007). Um mikilvægi hvatatengds tungumálanáms. Í Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir (ritstj.), *Mál málanna. Um nám og kennslu erlendra tungumála* (bls. 137-153). Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur/Háskólaútgáfan.
- Páll Skúlason. (1987). *Pælingar- Safn erinda og greina*. Reykjavík: ERGO.
- Raimes, A. (1983). *Techniques in teaching writing*. London: Oxford University Press.
- Rúnar Helgi Vignisson. (2011). Gagnsemi ritlistar. *Skíma, mál gagn móðurmálskennara*, 2011 (2), 29-31.
- Sigrún Theódóra Steindórsdóttir. (2011). *Gildi listgreinakennslu í grunnskólum. Hugmyndafræði Elliotts W. Eisner* (Lokaverkefni til M.Ed. gráðu í náms- og kennslufræði). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Symonette, P. C. (2018). *Gender Differences in Growth Mindset Scores and Writing Test Scores in South Florida High School Students of Color Before and After Completion of Creative Writing Class*. St. Thomas University, Florida.

